

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Þingeyrarhreppi.

1. gr.

Þingeyrarhreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða sveitarfélagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og með umsýn heilbrigðisnefndar Þingeyrarhrepps.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að haga sorpgeymslu og sorphirðingu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og samþykktum sveitarstjórnar Þingeyrarhrepps.

3. gr.

Við hverja húseign skal vera sorpgeymsla, gerð fyrir sorppoka.

Sorppoka skal komið fyrir í grind eða skáp, sem sveitarfélagið hefur samþykkt. Húseigendum ber að kosta uppsetningu og viðhald grinda og sorpskápa.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og allur aðgangur að þeim og frágangur þeirra í fullu samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

4. gr.

Almenn sorphirða greiðist af sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald skv. nánari ákvörðun, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

5. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp, svo sem matarleifar, umbúðir, fatnað, blöð, pappír og úrgang frá lóðum, annað en mold, torf, grjót og stórar greinar.

Ekkert má setja í sorppoka, sem getur skemmt þá, (t.d. óinnpökkuð glerbrot) eða sem er svo þungt að hætla sé á að þeir rifni við flutning.

Óheimilt er að setja eldfima vökva s.s. olíu og bensín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo, að auðveldlega megi loka þeim.

Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem eru fylltir um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

6. gr.

Allt það sorp, er eigi verður látið í sorppoka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast um sjálfir, á eigin kostnað sé ekki um annað samið.

Skýlt er þeim að hlíta til fulls fyrirmælum hreppsnefnda og heilbrigðisnefndar um umgengni og notkun sorphauga.

7. gr.

Sorphirða skal framkvæmd sem næst hálfsmánaðarlega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið. Við hverja tæmingu skilja sorphirðumenn eftir nýja poka í hverri grind. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða áhaldahúsi hreppsins. Sorphirðumenn mega ekki hnýsast í pokana eða fjarlægja úr þeim hluti.

8. gr.

Verslunar- og iðnaðarstöðum og þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi, er krefst tíðari sorphirðu að mati heilbrigðisnefndar ber sjálfum að annast og kosta sína sorphirðu.

Allur flutningur á vegum einstaklinga eða fyrirtækja á sorphauga eða á þau afmörkuðu svæði, sem hreppsnefnd gefur fyrirmæli um, skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum og allur þrifnaður hafður í hávegum.

Sömuleiðis skal umgangur og frágangur á sorpi á sorphaugastað uppfylla þær kröfur, sem reglur um þá staði kveða á um t.d. um losunartíma sorps og umgengnis-hætti alla.

9. gr.

Hverjum húsráðanda er skýlt að halda lóðum sínum og öðrum umráðasvæðum hreinum og fjarlægja þaðan allt er veldur óþrifnaði og flytja það á sorphauga kaup-túnsins. Bannað er að urða oliuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðvegin og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn.

Skal slíku eytt eða brennt á tryggilegan hátt eftir því sem kostur er undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

10. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu skal koma skriflega til hreppsnefndarinnar, náist ekki samkomulag við sorphirðumenn.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Þingeyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu, viðkomandi til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. maí 1982.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.